



ÍSAFJARÐARBÆR

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið Umsagnargátt Alþingis

Ísafjörður, 17. febrúar 2026
2026010014 EMG

Efni: Umsögn Ísafjarðarbæjar um Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna einföldunar regluverks og aukinnar skilvirkni eftirlits með hollustuháttum og mengunarvörnum, nr. S-3/2026.

Ísafjarðarbær vill með þessari umsögn koma á framfæri verulegum áhyggjum yfir boðuðum breytingum á heilbrigðiseftirliti sveitarfélaga, þar sem gert er ráð fyrir að núverandi heilbrigðiseftirlit verði lagt niður og verkefnin færð til ríkisins.

Neðangreint var bókað á 165. fundi umhverfis- og framkvæmdanefndar Ísafjarðarbæjar 11. febrúar 2026:

„Frumvörp og þingsályktunartillögur til umsagnar 2026 – 2026010014“

Lögð fram umsagnarbeiðni úr samráðsgátt stjórnvalda, dags. 26. janúar 2026, þar sem umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið kynnir til samráðs mál nr. 3/2026, "Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna einföldunar regluverks og aukinnar skilvirkni eftirlits með hollustuháttum og mengunarvörnum".

Umhverfis- og framkvæmdanefnd telur ljóst að breytingarnar munu hafa áhrif á landsbyggðina og felur skipulags- og umhverfisfulltrúa að senda inn umsögn.

Óljós ávinningur

Fram hefur komið að stjórnvöld hyggist flytja heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga inn í tvær ríkisstofnanir til að ná fram samræmi og skilvirkni. Ísafjarðarbær telur að fyrirbyggjandi frumvarp uppfylli ekki þau markmið og feli í sér óásættanlega óvissu og kostnaðarauka fyrir sveitarfélög, íbúa og atvinnulíf á landinu öllu.

Samtök iðnaðarins (SI) hafa lagt áherslu á að ósamræmi í framkvæmd hafi skapað ófyrirsjáanleika og að breytingar gætu bætt rekstrarskilyrði, en þau leggja jafnframt áherslu á að sérfræðipækning á landsbyggðinni haldist óskert og að eftirlit sé áfram í nálægð við fyrirtæki um land allt. Ísafjarðarbær tekur undir það að nauðsynlegt sé að bæta kerfið en telur mikla þörf fyrir varfærni í framkvæmd breytinga sem þessa.



Skert þjónusta

Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga hefur í áratugi byggt á sterkri staðbundinni þekkingu og nálægð við samfélagið. Í dreifðum byggðum skiptir sú nálægð miklu máli, bæði fyrir skilvirkni og fyrir öryggi almennings. Fyrir sveitarfélög á borð við Ísafjarðarbæ er sérstaklega mikilvægt að sérþekking tapist ekki. Miðstýring á þessu sviði getur leitt til þess að fjarlægð eykst, þjónustan skerðist og viðbragðstími lengist.

Markviss samræming

Það er ljóst af ýmsum gögnum að ósamræmi í framkvæmd eftirlits hefur skapað vandamál. Slíka hafa bent á mikilvægi einföldunar og aukins fyrirsjáanleika. Ísafjarðarbær tekur undir það en telur að hægt sé að ná þessum markmiðum með vægari og skynsamlegri aðgerðum, t.d. með:

- Sameiginlegum verkferlum á landsvísu
- Skýrum leiðbeiningum og samstarfsvettvangi
- Aukinni stafrænni upplýsingagjöf
- Samstarfi svæða án þess að leggja niður núverandi einingar

Slík nálgun myndi efla gæði eftirlits án þess að tefla í hættu þeirri þjónustu og sérþekkingu sem sveitarfélög hafa byggt upp.

Lokaorð

Ísafjarðarbær leggst gegn fyrirhuguðum breytingum á heilbrigðiseftirliti sveitarfélaga og telur að:

- Ávinningur þess sé óljós og illa rökstuddur
- Hætta sé á að þjónusta í dreifðum byggðum veikist
- Tilfærslan geti aukið flækjustig og kostnað
- Samráð hafi verið ófullnægjandi
- Hægt sé að ná þeim markmiðum sem stefnt er að með vægari og markvissari leiðum

Með vísan til alls framangreinds tekur Ísafjarðarbær undir umsagnir t.d. byggðarráðs Skagafjarðar og sjónarmið SHÍ (Samtök Heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi). Ísafjarðarbær telur frumvarpið ómótað, lítt rökstutt og líklegt til að rýra þjónustu við íbúa og atvinnulíf um land allt, og skorar á ráðherra að draga áformin til baka og hefja í staðinn frekara samráð við sveitarfélög og SHÍ um úrbætur sem byggja á raunhæfum, hagkvæmum og sanngjörnum lausnum.

Virðingarfyllst,
Erla Margrét Gunnarsdóttir
Skipulags- og umhverfisfulltrúi